

Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1996, þar með talið hvernig skuli, fram til þess tíma, haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27 gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabílinu 1995–1999 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölga kennslustundum um 6, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

- 1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
- 5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
- 8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölga kennslustundum um 10, þannig:

- 1.–4. bekkur: 27 kennslustundir,
- 5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
- 8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1997 fjölga kennslustundum um 10, þannig:

- 1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,
- 5.–7. bekkur: 32, 33, 35 kennslustundir,
- 8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölga kennslustundum um 10, þannig:

- 1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,
- 5.–7. bekkur: 34, 34, 35 kennslustundir,
- 8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

Haustið 1999 fjölga kennslustundum um 7, þannig:

- 1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
- 5.–7. bekkur: 35 kennslustundir,
- 8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára

aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við löginn bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur samkvæmt lögum þessum halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra til að stunda akstur bifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

10. mars 1995

Nr. 68

LÖG

um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 16. september 1988 (Lúganósamninginn), ásamt þeim þremur bókunum sem honum fylgja og teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

Samningurinn ásamt bókunum og yfirlýsingum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lúganósamningurinn og þær þrjár bókanir sem honum fylgja skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Dómar, sem kveðnir eru upp í öðru samningsríki á grundvelli varnarþings skv. 1. tölul. 5. gr. og b-lið 1. tölul. 16. gr. Lúganósamningsins, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt hér á landi þó að viðkomandi ríki hafi gert fyrirvara um að það muni ekki viðurkenna eða fullnægja íslenskum dómum í sambærilegum tilvikum.

Dómar, sem hvorki þarf að viðurkenna né fullnægja skv. 2. mgr. II. gr. í bókun nr. 1 við samninginn, fá ekki réttarverkanir hér á landi.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og Lúganósamningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.